

Læsisáætlun Holts

2014



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið Holts.....	4
Þættir máls og læsis	4
Orðaforði og málskilningur.....	4
Leiðir að markmiðum	5
Máltjáning og frásagnarhæfni	6
Leiðir að markmiðum	6
Hlustun og hljóðkerfisvitund	7
Leiðir að markmiðum	7
Ritmál	8
Leiðir að markmiðum	8
Vinna með fjölbreyttan texta og ólíka textagerð	9
Barnabókmenntir	9
Leiðir að markmiðum	9
Söngur og kveðskapur	10
Leiðir að markmiðum	10
Skapa traust, virðingu og jákvæð samskipti milli allra sem eiga hlut í leikskólastarfinu.....	11
Samstarf við foreldra.....	11
Leiðir að markmiðum	12
Samskipti starfsfólks og barna.....	12
Leiðir að markmiðum	12
Fjölbreytt samstarf	13
Leiðir að markmiðum	13
Framfarir barna	14
Heimildaskrá.....	15

Inngangur

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að læsi í leikskóla felur meðal annars í sér „þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.

Þróun læsis er flókið ferli þar sem fléttast sama margir þroska- og færniþættir. Margvísleg tengsl eru á milli málþroska og læsis. Einkum þrjú þættir málþroskans tengjast lestrarnámi og læsi (HR, SG, FB, 2009).

Þættirnir eru:

- ✓ Orðaforði, sem tengist í raun öllum viðfangsefnum lestrarnámsins og er undirstaða lesskilnings.
- ✓ Málskilningur og máltjáning sem eru mikilvægir þættir í málþróun barnsins og jafnframt undirstaða lesskilnings og ritunar.
- ✓ Næmi fyrir hljóðum tungumálsins (hljóðavitund), sem gegnir lykilhlutverki á fyrstu stigum lestrarnámsins þegar börn eru að ná tókum á samsvörun stafs og hljóðs.

(Tekið af Lesvefnum- Steinunn Torfadóttir)

Góður almennur málþroski er barninu nauðsynlegur til að takast á við lestrarnámið og margt af því sem almenn og markviss málörvun felur í sér eflir skilning barna á málinu sem sérstöku fyrirbæri, til dæmis lestur barnabóka, markviss vinna með orðaforða og hljóðkerfisvitund, leikur að orðum, frásagnir og ritun. Það er fyrst og fremst áhugi barnsins og innri hvöt sem drífur það áfram í lestrarnáminu. Þess vegna þurfa leikskólabörn örvun sem nær bæði til málumhverfisins og alls starfsins í skólanum (Anna Þ. Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Meirihluti barna í Holti er tvítyngdur. Þau börn þurfa sömu verkfæri og önnur börn á leið sinni til læsis og því er öll vinna í tengslum við markmið læsisstefnunnar sniðin fyrir öll börnin í leikskólanum. Við getum litið á að góð færni í tveimur tungumálum sé mikill ávinningur fyrir einstaklinga og þjóðfélagið allt á tímum alþjóðavæðingar, eins og segir í Ályktun Íslenskrar málstöðvar 2013 um stöðu íslenskrar tungu. Til að nýta sem best fjársjóðinn tvítyngi er góð menntun barna af erlendum uppruna nauðsynleg. Því erum við í Holti einstaklega heppin að fá að vinna með svo fjölbreyttum barnahóp.

Við leggjum áherslu að öll börn nái góðum tókum á íslensku máli en til þess þurfa börn að hafa góða færni í sínu móðurmáli. Færni í móðurmáli er talin lykill að því að læra annað mál og styðja auk þess við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum. Sterk staða í móðurmáli er

talin leiða til sterkrar stöðu í lestri og ritun í seinna máli sem er forsenda þess að nemendur með annað móðurmál en það sem ríkjandi er í samfélaginu geti tileinkað sér námsefni skólanna (Frá íslenskri málnefnd, 2013).

Markmið Holts

- ❖ Styrkja þætti máls og læsis
- ❖ Að börnin kynnist margvíslegum og fjölbreyttum texta og ólíkum textagerðum
- ❖ Skapa traust, virðingu og jákvæð samskipti milli allra sem eiga hlut í leikskólastarfinu

Þættir máls og læsis

Eitt helsta markmið Holts í tengslum við læsi er að styrkja þætti máls og læsis. Í þessum kafla er farið betur í þessa þætti og tæpt á nokkrum leiðum til að ná markmiðinu. Nánari útfærsla á leiðum og vinnu með börnum má finna í viðaukum eða leiðarljósum námskráar Holts um læsi.

Þættir máls og læsis eru:

- Orðaforði og málskilningur
- Máltjáning og frásagnarhæfni
- Hlustun og hljóðkerfisvitund
- Ritmál

Orðaforði og málskilningur

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Gerður er greinarmunur á virkum og óvirkum orðaforða. Virki orðaforðinn samanstendur af þeim orðum sem einstaklingurinn notar, en í óvirka orðaforðanum eru þau orð sem einstaklingurinn þekkir og skilur þegar hann rekst á þau. Þó að einstaklingurinn noti orðin í óvirka forðanum sjaldan eða aldrei eru þau miklu fleiri en í virka orðaforðanum. Orðaforði einstaklinga er mjög misjafn og það er hægt að bæta við orðaforðann alla ævi (Sigurður Konráðsson, 2000).

Orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál. Góður orðaforði er undirstaða lesskilnings, það er hæfni einstaklings til að átta sig á innihaldi texta. Orðaforði leikskólabarna spáir fyrir um lesskilning á mið-/unglingastigi og fylgni er á milli lesskilningserfiðleika og lítils orðaforða (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2014).

Lesskilningur er lokatakmark lesturs og felur í sér hæfni til þess að skilja margskonar texta sem settur er fram í mismunandi samhengi og tilgangi. Rætur hans liggja að stórum hluta í málþroska, og þá einkum þeim hliðum sem lúta að málskilningi. Reynsla, almenn þekking,

ályktunarhæfni og þekking á eigin hugsun eru þó þættir sem allir hafa verulega áhrif á hversu vel nemendur skilja mismunandi tegundir texta (Cain og Oakhill, 2006 – Tekið af Lesvefnum í júní 2014).

Hafa ber í huga að lesskilningur tvítyngdra barna þróast oft mun hægar en lesskilningur eintyngdra jafnaldra þeirra (Mancilla-Martinez, et al., 2011; Roessingh, 2008 – tekið af Lesvefnum í júní 2014) því tvítyngd börn þurfa að deila tíma sínum og athygli á milli tveggja eða fleiri tungumála og kunna því oftast mun færri orð í hverju tungumáli fyrir sig en eintyngd börn gera í sínu eina tungumáli. Takmarkaður orðaforði veldur því að það getur verið erfitt fyrir tvítyngd börn að skilja það námsefni sem fyrir þau er lagt. Börn með takmarkaðan orðskilning eiga einnig oft erfitt með að nýta sér samhengi texta til þess að ráða í merkingu óþekktra orða og skilja og nota síður skilgreiningar í orðabókum (Shefelbine, 1990 – tekið af Lesvefnum í júní 2014). Ný orð bætast því mun hægar í safnið en hjá þeim en börnum sem eru með góðan málskilning fyrir (Freyja Birgisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, tekið af Lesvefnum í júní 2014).

Því er ljóst að markviss og góð orðaforðakennsla í leikskóla er undirstaða þess að öll börn öðlist færni í lesskilning sem er lokatakmark lesturs.

Leiðir að markmiðum

(punktur frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Setja orð á alla hluti
- Útskýra orð
- Nota bækur til að leggja inn orð og hugtök
- Nota spil til að leggja inn orð og hugtök
- Syngja lög
- Sögustundir
- Gamli leikir
- Þulur og kvæði
- Gönguferðir í litlum hópum til að ræða um umhverfið
- Nota hreyfistundir til að leggja inn orð og hugtök
- Nota útiveru markvisst í málörvun
- Nota matmálstíma til málörvunar, gefa tækifæri til að börn svari með orðum en ekki já/nei

- Bókakassar
- Styrkja fyrst og fremst móðurmál barna og auka kennslu í móðurmáli (við erum með marga erlenda starfsmenn sem geta til dæmis lesið á móðurmáli)
- Sýna áhuga á móðurmáli þeirra

Máltjáning og frásagnarhæfni

Mál lærist í samskiptum og samskiptahæfni er hverri manneskju brýn nauðsyn. Málleg samskiptahæfni felst í því að geta notað málið í margvíslegum tilgangi í mismunandi aðstæðum, að geta tekið þátt í samtölum og hafa vald á þeim málsniðum sem dagleg samskipti krefjast, að geta tjáð sig í samfelldu máli og í samræmi við málfræðilegar reglur tungumálsins (Hymes, 1971 – tekið af lesvefnum í júní 2014).

Munnlegar frásagnir eru grundvallarfrásagnarform. Með auknum almennum þroska, einkum vitrænum þroska, félagsþroska og málþroska eykst frásagnarhæfni barna. Þann þroska má örva og efla enn frekar með reynslu af fjölbreyttum frásögnum í leikskólastarfi, svo og tækifærum barna til að æfa sig í að koma fram og segja frá. Flestir textar sem börn fást við í grunnskóla eru frásagnir af einhverju tagi og því er þekking á byggingu, viðeigandi málnotkun og samloðunaraðferðum frásagna mikilvæg tenging frá talmáli yfir í lestur og ritun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004 - Tekið úr skýrslu um málumhverfi og lestrarnám barna, 2011).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Lita mynd og segja frá
- Hvetja börn til að segja frá
- Hver vill segja frá hvað þið gerðuð um helgina
- Sýna áhuga (á því sem barnið er að segja)
- Tala við matarborð, kenna börnunum að biðja um mat eða bjóða mat
- Spyrja spurninga
- Tala við börnin - Stjarna vikunnarþar sem börnin sýna myndir og segja frá
- Framsögn í samverustundum
- Tala við börnin, spyrja spurninga, fá þau til að segja frá sér og fjölskyldu sinni
- Útskýra, segja frá (börn og starfsfólk)
- Umræður um allt mögulegt

- Tjáning – gefa umhyggju, knús
- Tjáning – gefa börnunum tækifæri á að tjá sig
- Semja sögur
- Öpp – til að skrifa, semja sögur, taka upp

Hlustun og hljóðkerfisvitund

Hlustun er virkt ferli sem breytir máhljóðum og töluðu máli í merkingarbærar einingar og heildir í huganum. Hlustun er einn af mikilvægustu þáttum máltökunnar og það þarf að kenna börnum að hlusta og örva þau frá fyrstu tíð með því að tala við þau. Þó að þau skilji ekki til að byrja með það sem sagt er eru þau samt að læra. Fyrst læra þau máhljóðin í móðurmálinu, en síðan einstök orð. Með hlustun byggir barnið upp orðaforða sinn frá fyrstu tíð og lærir þannig að skilja talað mál að nokkru marki áður en það lærir sjálf að tala. Smátt og smátt, með auknum þroska, samskiptum og viðeigandi örvun, lærir barnið síðan að tala. Virk hlustun er mikilvæg í öllum samskiptum, ekki síst í leik, og er lykill að farsælum félagslegum tengslum. Nám krefst virkrar hlustunar og það á ekki síst við um lestrarnám barna (Anna Þ. Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011). Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins; hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu. Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málsins, geta t.d. sleppt úr, bætt við og/eða skipt um hljóð eða hljóðeiningar í orðum (Catts og Kamhi, 2005; Muter, 2003; Chard & Dickson, 1999; Torgesen, 1996 - Tekið af Lesvefnum í júní 2014)

Leiðir að markmiðum

(punktur frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Góð hlustun
- Biðja hina að hlusta þegar einhver segir frá
- Hafa minni hópa
- Lesa fjölbreyttari bækur og gera það í minni hópum svo það verði ekki mikil læti og leyfa börnunum að njóta þess að hlusta á söguna
- Ríma
- Nota hljóðfæri
- Vísur og þulur

- Hvetja börn til að skrifa nafnið sitt og þekkja stafina sína og hljóð þeirra
- Lubbi
- Öpp

Ritmál

Ólík ritmálskerfi hafa ólíkar hefðir varðandi skipulag og framsetningu ritmálsins. Þegar börn eru að byrja að kynna ritmálinu er mikilvægt að þau læri grundvallar hugtök og reglur sem auðveldar þeim að skilja umgerð ritmálsins. Hér er t.d. átt við að börn viti eftirfarandi atriði:

- ✓ Að táknið á blöðum og blaðsíðum eru bókstafir.
- ✓ Að orð vísa til merkingar.
- ✓ Að ritmál er skipulagt frá hægri til vinstri, í línunum og er lesið frá toppi og niður blaðsíður.
- ✓ Að orðum er raðað í stærri einingar sem kallast setningar sem eru afmarkaðar með punktum, kommum og spurningarmerkjum (Byrnes og Wasik, 2009; Pence og Justice, 2008; Scanlon, Anderson og Sweeney, 2010 - Tekið af Lesvefnum í júní 2014).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Hafa orð og stafi sýnileg
- Ritmál sýnilegt
- Spjöld í búkrók, myndir og texti
- Merkja umhverfi
- Mynd – orð – tafla, pecs/boardmaker
- Öpp – til að skrifa, semja sögur, taka upp
- Hvetja börn til að skrifa nafnið sitt
- Skrifa góðan daginn á alls konar tungumálum
- Umhverfislæsi?

Vinna með fjölbreyttan texta og ólíka textagerð

Barnabókmenntir

Barnabækur hafa margvíslegt gildi í uppeldi og menntun barna. Þær hafa fyrst og fremst skemmtigildi, en einnig menningarlegt, listrænt, menntunar- og uppeldislegt gildi. Þessi gildi barnabókarinnar fléttast saman og styrkja hvert annað. Barnabækur gegna mjög mikilvægu hlutverki fyrir málrækt og þróun læsis. Ritmál er miklu ítarlegra, formlegra og fjölbreyttara en það mál sem við tölum dags daglega hvert við annað, ekki síst það mál sem talað er við börn (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir – tekið af Lesvefnum í júní 2014).

Barnabókmenntir þjóna málörvun á margvíslegan annan hátt en að auka orðaforða. Börn læra, mest ómeðvitað, um mál og ritmál þegar lesið er fyrir þau og sú vitneskja sem þannig síast inn er nauðsynleg forsenda læsis. Einn mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er því að lesa fyrir börn og að venja þau við bækur og ritmál. Það skapar jákvætt viðhorf til bóka og lesturs að lesa fyrir börn og þannig fá þau fyrirmynd að því hvernig þjálfaður lesandi ber sig að. Það hvetur líka börn og styður tilraunir þeirra til að lesa sjálf (Vukelich og Cristie 2004 - Tekið úr skýrslu um Málumhverfi og lestrarnám barna, 2011).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Bókakassar
- Leika bækur/sögur
- Nota loðtöflusögur
- Nota áþreifanleg hluti við lestur/söng
- Nota látbragð í lestri og sögum
- Lesa í litlum hópum
- Leikrit
- Sögustundir
- Bókalestur, búa til kósýhorn og vinna betur úr lesefni
- Virðing fyrir bókum
- Bækur aðgengilegar fyrir börn

Söngur og kveðskapur

Rík hefð er fyrir söngstundum í leikskólastarfi og vinnu í tengslum við þulur og kveðskap sem ekki endilega er sunginn.

Söngtextar eru oftast hefðbundinn kveðskapur með háttbundinni hrynjandi og rími. Orðaröð og orðaforði er frábrugðinn því sem tíðkast í lausu máli. Í ljóðum er meðal annars beitt áhrifamætti máhljóðanna og hljómfalli tungumálsins til að leggja réttar áherslur og skapa hughrif. Rannsóknir sýna að því meira sem börn kunna af rímuðum kveðskap, þeim mun betur gengur þeim að þekkja máhljóð og læra að lesa, auk þess sem orðaforði þeirra eykst (Bryant 1990; Bryant o.fl., 1989; Maclean o.fl., 1987; Zehm, 1975; hér vitnað til Ragnars Inga Aðalsteinssonar, 2005). Þannig eflist orðaforði og hljóðkerfisvitund, en einnig framburður og ekki síst málskilningur og vitundin um bundið mál og einkenni þess, þegar unnið er markvisst með kveðskap (Anna Þ. Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Söngur, markvisst laga- og textaval
- Semja lög
- Fjölbreyttar söngstundir
- Syngja lög á deildum og sameiginlega í sal
- Samræma sönglög
- Tónlist
- Þulur og kvæði
- Dans og söngur
- Syngja lög frá mismunandi löndum
- Samvinna við tónlistarskóla- Harpa

Skapa traust, virðingu og jákvæð samskipti milli allra sem eiga hlut í leikskólastarfinu

Það gerum við með því að efla samstarf við foreldra, fjölskyldu, nærumhverfi okkar og aðrar stofnanir sem tengjast leikskólastarfinu. Gott samstarf er mikilvægt í allri vinnu með börnunum og með fjölbreyttu samstarf gefst tækifæri til að auðga málumhverfi barnsins og styðja það og fjölskyldu þess til efla og styrkja málþroska barnanna og þau verði þannig betur undirbúin þegar kemur að frekara lestrarnámi. Einnig er mikilvægt að bera virðingu fyrir ólíkri menningu barnanna og móðurmáli enda sýna rannsóknir það að börn sem standa vel í eigin móðurmáli gengur betur að læra annað mál.

Jákvæð samskipti milli starfsfólks og barna er mikilvægur þáttur í öllu námi barna og kannski sá mikilvægasti. Miklu máli skiptir hvernig samskipti starfsfólk á við börn og einnig milli starfsmanna. Það er hlutverk starfsfólks að skapa góðar aðstæður og jákvætt andrúmsloft því börnum þarf að líða almennt vel til að geta lært og þau verða að finna fyrir öryggi í skólastofunni og andrúmsloft í leikstofum þarf að vera gott og jákvætt samband milli starfsmanna og barna (Mashburn, Justice, Downer, og Pianta, 2009). Börn verða að geta treyst starfsfólki, finna að það er borin virðing fyrir þeim og skoðunum þeirra, að þau geti leitað til starfsfólks, starfsfólk veiti þeim umhyggju og athygli og þannig verða þau örugg og allt nám gengur betur. Með jákvæðum samskiptum verða til aðstæður þar sem auðvelt er að styðja málþroska barna því til að eiga í samskiptum verður að tala saman og hlusta á hvert annað. Jákvæð samskipti þurfa líka að ríkja milli starfsfólks og starfsfólks og foreldra því neikvæðni eða erfið samskipti geta lagt steina í götu á leið til góðs náms

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er mjög mikilvægt því þau eru lykilpersónur í lífi barnsins og með því að eiga gott samstarf og samskipti við foreldra getum við sem best átt þátt í að styrkja þau í uppeldi og námi barnanna.

Foreldrar gegna miklu hlutverki í þróun læsis barna sinna og rannsóknir hafa sýnt að umhverfið á heimilunum hefur áhrif á lestrarnám barna (Vukelich og Christie, 2004). Meðal þess sem skiptir máli er að foreldrar lesi fyrir börnin sín, ræði við þau og svari áhuga þeirra á prentmáli og ritun. Börnin þurfa líka að hafa greiðan aðgang að bókum og prentmáli, þau verða að sjá foreldra sína nota ritmálið í margvíslegum tilgangi og njóta þess að lesa. Leikskólakennarar og foreldrar þurfa því að ræða saman og skiptast á gagnlegum

upplýsingum um barnið og tilhögun lestrarnámsins (Anna Þ. Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Þátttökuaðlögun
- Bókin mín
- Mappa með upplýsingum og myndum af fjölskyldum
- Stjarna vikunnar
- Spjaldtölvur heim
- Addi bangsi
- Örnámskeið fyrir foreldrar
- Kynning á starfinu
- Virkir foreldrar

Samskipti starfsfólks og barna

Málörvun er einn stærsti hluti leikskólastarfsins og sérstaklega mikilvægur í leikskóla þar sem meirihluti barna hefur íslensku sem sitt annað mál. Því þurfa starfsmenn að huga vel að því hvernig þeir tala við eða kringum börnin. Við máltöku, bæði fyrsta og annars máls, hefur magn máls áhrif og hve oft börnin heyra orðin og því er endurtekningin mikilvæg til að byrja með. Starfsfólk þarf því að hafa í huga það magn máls sem börn heyra, fjölbreytni orðaforða og hve flóknar samræður eiga sér stað (Aukrust, 2007).

Starfsmenn þurfa að tala mikið en hafa jafnframt góðan og fjölbreyttan orðaforða því það er ekki alltaf magnið sem skiptir máli heldur gæðin (Mashburn ofl., 2009).

Starfsfólk þarf að vera tilbúið að bæta við setningar barna og endurtaka þær þannig að merking haldist en fleiri orð bætast við og málfræðiþekking aukist (Tsybina o.fl., 2006).

Tal í skólastofu á að miðla upplýsingum til barna en ekki eingöngu nota það til að stjórna hegðun barnanna (Aukrust, 2007).

Leiðir að markmiðum

(punktar frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Leyfa börnunum að taka þátt á sínum forsendum, ekki alltaf á okkar (hætta/draga úr mötun/afgreiðslu)

- Skipuleggja vel starfið
- Skýrt dagskipulag
- Námskrá
- Vinna eftir leiðarljósum þessarar áætlunar

Fjölbreytt samstarf

Það skiptir máli að börnin þekki vel umhverfi sitt og samfélag og viti hvað það hefur upp á að bjóða. Að fara á ýmiskonar söfn, vinnustaði, heimsækja slökkvilið eykur vitneskju þeirra um samfélagið og er góð málörvun. Með því að læra að lesa umhverfi sitt, t.d. sjá skilti og fara á bókasafn er góð undirstaða fyrir læsi.

Við tökum þátt í stóru verkefni sem er Okkar mál og er samstarfsverkefni um menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Markmið verkefnisins er:

- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við Þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af

Leiðir að markmiðum

(punktur frá öllu starfsfólki Holts – unnið á skipulagsdegi í mars 2014)

- Bókasafnsferðir (líka með yngstu börnin)
- Samstarfsáætlun leikskóla og grunnskóla í Fellahverfi
- Vettvangsferðir á söfn
- Heimsækja Sorpu
- Húsdýragarðurinn
- Heimsækja Hörpu

Framfarir barna

Við notum ýmis tæki til að meta framfarir barna eins og

- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- Efi 2
- Hljóm 2

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (2011). Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aukrust, Vibeke Grøver. 2007. Young Children Acquiring Second Language Vocabulary in Preschool Group-Time: Does Amount. *Journal of Research in Childhood Education*, 22(1): 17 - 37.

Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. Slóð: <http://lesvefurinn.hi.is/>

Mashburn, Andrew J., Justice, Laura M., Downer, Jason T. og Pianta, Robert C. 2009. Peer Effects on Children's Language Achievement During Pre-Kindergarten. *Child Development*, 80 (3): 686 - 702.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2014). Glærur úr námskeiðinu Máltaka barna sem kennt er í Háskóla Íslands

Tsybina, Irina, Girolametto, Luigi E., Weitzman, Elaine og Greenberg, Janice. 2006. Recasts Used with Preschoolers Learning English as their Second Language. *Early Childhood Educational Journal*, 34 (2): 177 - 185.